

ER ÞÖRF Á FJÖLBREYTTUM HUGMYNDUM FYRIR SVÆÐI Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?

Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) vill vekja athygli á þjónustu sem félagið veitir varðandi hugmynda-, hönnunar-, skipulags- og framkvæmdasamkeppnir.

FÍLA hefur útbúið samkeppnisreglur sem hafa verið notaðar í opnum og lokuðum samkeppnum fyrir bæði sveitarfélög og einkaaðila með góðum árangri, t.a.m. má nefna í Reykjavík, Bolungarvík, Stykkishólmi, Seyðisfirði og Hornafirði. Á grundvelli samkeppnisreglnanna hefur félagið aðstoðað við að ákveða fyrirkomulag og framkvæmd samkeppna ásamt því að útvega trúnaðarmann og dómnefndarmenn. Nefna má að samkeppnirnar hafa nýst við að sækja um og fá úthlutað úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða en sá sjóður fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Sjá nánar um sjóðinn hér:

<https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasjodur-ferdamannastada> Jafnframt hefur FÍLA auglýst samkeppnirnar meðal faglærða aðila og tryggt þannig góða þátttöku.

FÍLA var stofnað árið 1978 og eru nú um 100 meðlimir í félaginu. Félagsmenn vinna á breiðu sviði við hönnun, skipulag og stjórnun bæði í þéttbýli og dreifbýli. Landslagsarkitektar eru sérfræðingar sem vinna við það að varðveita náttúru og menningarlandslag, að gera manngert umhverfi í þéttbýli og dreifbýli vistlegt, hagkvæmt og fallett og vinna jafnframt náið með öðrum fagsstéttum s.s. arkitektum, skipulagsfræðingum og verkfræðingum.

Frekari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu félagsins, <http://fila.is> Samkeppnisreglur félagsins er að finna hér: <https://fila.is/log-og-reglur/>

Fyrir hönd samkeppnisnefndar FÍLA,

Björn Edvardsson
Ólafur Melsted

Samkeppnisnefnd FÍLA
Samkeppnisnefnd FÍLA

